
lífið
EFTIR VINNU



Umhverfisdagur á Akureyri

Í dag er dagur umhverfisvina á Akureyri og þar verður margt í boði í tilefni dagsins. Opið verður í Lystigarðinum og Gróðrarstöðinnni við Aðalstræti og þar er hægt að skoða allar stærðir og gerðir af plöntum. Kl. 10 verður kynnt í Kjarnaskógi trjáklipping og grisjun og sýnd ræktun trjáplantna. Allar upplýsingar um lífrænan úrgang verður að finna á Ráðhústorginu milli kl. 13 og 17.

Krár

■ **CAFÉ ROMANCE** Breski píanóleikarinn **Simone Young** hamrar á píanóið af öllum lífs og sálar kröftum.

■ **ÍSLENSKT Á GAUKNUM** **Sein, Suð og Svalbarði** eru með athyglisverða tónleika fyrir sanna áhugamenn um íslenska tónlistarsköpun á **Gauki á Stöng**.

Umhverfi

■ **UMHVERFISDAGUR á Akureyri** Í **Krónunni** verður opið hús á 5. og 6. hæðinni, milli kl. 13 og 16, og þar gefst fólki kostur á að fræðast um **rannsóknir á náttúrunni**. Hægt er að ræða við vísindamenn og líta í smásjár. Kl. 20 byrjar svo **örstutt kvöldganga** með leiðsögn um neðsta hluta **Glerárgils**. Gangan byrjar á bílastæðinu við Glerárskóla. Kl. 20 flytur Þröstur Eysteinsson, fagmálastjóri Skógræktar ríkisins, erindi með myndum sem heitir **Skógrækt á Íslandi í hnattrænu samhengi**. Allir eru velkomnir á þessa dagskrá.

■ **UMHVERFISDAGUR Í FJARÐABYGGÐ** Kl. 20–23 býður **Náttúrustofa Austurlands** fólki að koma og hlýða á fyrirlestra í nýjum húsakynnum í austurenda **Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað**. Þar mun m.a. verða fjallað um **fuglalíf í Fjarðabyggð, ástand lands og fornminjar**. Nánari upplýsingar á www.simnet.is/na. Dagurinn í dag er jafnframt upphafsdagur að **heilsudögum í Fjarðabyggð** þar sem félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki standa fyrir dagskrá fram eftir vori.

■ **UMHVERFISDAGUR Í HAFNARFIRÐI** Í Hafnarfirði verður ýmislegt á döfinni í tilefni þess að dagurinn í dag er tileinkaður umhverfinu. M.a munu bæjarfulltrúar afneita einkabílum sínum, umhverfisnefnd Hafnarfjarðar veitir **umhverfisverðlaun** og fjölmargir leikskólar standa fyrir **ruslatínslu, náttúruskoðun og bíllausum degi**.


■ **UMHVERFISDAGUR Í HVERAGERÐI** Kl. 13 verður farið í **gönguferð um Hveragerði**. Byrjað verður á hverasvæðinu og lýkur ferðinni í **Garðyrkjuskólanum** en þar verður fræðsla um **lífræna ræktun** kl. 15. Þema ferðarinnar er að benda á kosti þess að rækta lífrænt. Hveragerðisbær mun afhenda umhverfisverðlaun.

■ **UMHVERFISDAGUR Í REYKJAVÍK** Viðurkenning frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála og náttúruverndar til einstaklings fyrir einstakt framlag til náttúru- og umhverfismála verður afhent við hátíðlega athöfn í **Ráðhúsi Reykjavíkur**, kl. 16.30. **Forseti Íslands** afhendir viðurkenninguna.

Fundir

■ **HVAÐ ER PÓSTMÓDERNISMI?** **Matthías Viðar Sæmundsson**, bókmenntafræðingur og dósent við Háskóla Íslands, flytur erindið **Aldamótin og póstmódernisminn** kl. 12.05 á hádegisfundi Sagnfræðingafélagsins í Reykjavíkurakademíunni í **JL-húsinu**, 4. hæð.

Sjá nánar: Lífið eftir vinnu á Vísi.is



Veggurinn á Kjarvalsstöðum.



Gunnar Örn er búinn að undirbúa vegginn fyrir lokasprettinn.

Gunnar Örn skapar myndverk á vegg á Kjarvalsstöðum:

Framhaldsskólanemendur „loka“ verkinu

„Þegar mér bauðst að taka þátt í verkefninu Veg(g)ir á Kjarvalsstöðum kom ekkert annað upp í hugann en að útfæra hugmynd sem væri tengd undrapunktinum, en fyrir fjórum árum fór ég að iðka jóga og þá opnaðist mér nýr og áður óþekktur heimur – heimur án nokkurra takmarkana. Í jógafræðunum er meðal annars notuð einbeitingaræfing sem byggir á öndunarpunkti sem er nærri einn sentímetri í ummáli. Þessi litli punktur er lúmskulega lítill miðað við þau afgerandi áhrif sem hann getur haft á líf þess sem kýs að nota hann. Með því að stunda að horfa daglega á þennan litla punkt, í um það bil fjórar mínútur, getur maður aukið einbeitingu sína, róað hugann og skynjað nærveru annarra. Út frá þessum punkti og minni reynslu vinn ég verkið,“ segir Gunnar Örn sem er þriðji listamaðurinn sem fær að mála á vegginn góða á Kjarvalsstöðum.

Gunnar útfærir hugmynd sína með því að raða litaflötum þvert á vegginn með einn öndunarpunkt í hverjum fleti: „Ég mun síðan fá til liðs við mig sextán framhaldsskólanemendur. Ég hef mælt hæð hvers nemanda fyrir sig og búið til öndunarpunkta miðað við hvern og einn, en punkturinn á að vera í augnhæð hvers einstaklings. Síðan koma þessir nemendur saman kl. 18, 27. apríl, og við rekum endahnútinn á verkið með því að þau stilla sér upp við vegginn og taka öndunaræfingu á hinni formlegu „lokun“ verksins.“

Gunnar segist vera búinn að vinna á þessum slóðum í list sinni í rúm tvö ár: „Ég hef ekki sýnt verk sem máluð eru undir þessum áhrifum enn þá en þau munu birtast í Hafnarborg í nóvember þar sem ég verð með sýningu á öllum hæðum.“

En hvers vegna jóga: „Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að maðurinn sé á andlegu ferðalagi og myndir mínar bergmáli þær hugsanir sem um mig fara. Ég byrjaði að stunda jóga fyrir fjórum árum og smátt og smátt hafa hugmyndir í tengslum við jógað verið að koma fram í málverkum mínum. Aðdragandinn er samt miklu lengri hjá mér. Það er ekkert langt síðan ég fann í fórum mínum skrif frá því ég var fimmtán ára og var þá að glefsa í jóga án þess að geta tileinkað mér það. Það er svo ekki fyrr en ég er orðinn 48 ára og staddur í Suður Frakklandi að ég fer að kafa í fræðin aftur, en í þá ferð hafði ég haft bækur með mér um þessi efni. Þá var ég fyrst tilbúinn til að fara alla leið.

Gunnar Örn hefur í mörg ár búið í sveit, á bænum Kambi austan við Hellu og þar hefur honum liðið vel: „Þetta var að vísu erfiður vetur, sá versti sem við höfum upplifað á þeim fjórtán árum sem við höfum búið hér. Eiginkona mín, Þórdís Ingólfsdóttir, er hjúkrunarforstjóri á Hellu og það hefur stundum reynst henni ákaflega erfitt að komast á milli. Og svo er annað, við höfum staðið í skógrækt hér á bænum og nú þegar fer að sjást í gróðurinn kemur í ljós að ástand hans er mjög slæmt, tré mikið brotin, meira að segja stór tré sem eru sundur í miðju.“

Auk þess að mála sjálfur og standa í skógrækt þá rekur Gunnar Örn gallerí á jörð sinni: „Þetta er hugsjónavinna hjá mér, þannig að ég þarf ekki að hafa áhyggjur af því að galleríið fari á hausinn; hef gaman af að bjóða listamönnum til mín í sveitina að sýna verk sín. Ég stend yfirleitt fyrir tveimur sýningum á ári í galleríinu, á vorin og haustin. Fram undan er vorsýningin sem að þessu sinni er sýning á ljósmyndum eftir Guðmund Ingólfsson. Hann tekur einstaklega fallegar myndir og ætlum við að kalla sýninguna Ísland í hvunndagsfötum.“ **-HK**

Biogagnrýni

Háskólabíó/Bíóhöllin – Mission to Mars: ★★

Mistækur De Palma



Hilmar Karlsson
skrifar gagnrýni um kvikmyndir.

Mission to Mars, nýjasta kvikmynd Brians De Palma, er eins brokkgeng og ferill hans. Hún á sín góðu atriði en slæmu atriðin eru samt fleiri. Myndin er þó alltaf áhugaverð og mikið tækniundur. De Palma hefur ekki áður leikstýrt geimóperu og er sjálfsagt ekki rétti leikstjórinn til að gera slíkt. Eins og flestar myndir hans er Mission to Mars einstaklega myndræn en það er eins og hann vanti viðsýni á þá möguleika sem eiga að vera fyrir hendi í slíkum myndum. Honum tekst vel upp með mannleg samskipti en þegar komið er út í hið óþekkta er varla hægt að segja að hann sé á heimavelli.

Mission to Mars gerist 2020, en það er einmitt sá tími sem Bandaríska geimferðastofnunin telur raunhæft að senda mannað geimskip til Mars. Fyrsti leiðangurinn er á förum og sá næsti er í startholunum. Þegar allt samband við fyrsta leiðangurinn rofnar eftir stutt og ógnvekjandi skilaboð frá leiðangursstjóranum er með hraði sendur björgunarleiðangur sem nær að lenda á Mars eftir miklar hremmingar í himingeimnum. Á Mars finnst einn eftirlifandi úr fyrri leiðangri og nú er það geimfaranna að ráða í dularfulla atburði sem gefa til kynna að rauða plánetan sé ekki eins dauð og fyrir fram var haldið.



Á leið til Mars
Slegið á létta strengi í þyngdarleysinu.

Einn kostur við Mission to Mars er að við fylgjumst þar með geimförum eins og við þekkjum þá og þar er verið að eiga við vandamál sem við vitum að eru fyrir hendi í geimferðum. Eitt besta atriði myndarinnar er þegar seinni leiðangurinn þarf að flytja sig kílómetra leið á milli geimfara. Það er ekki laust við að þá, og í einstaka atriðum öðrum, minni hún ofurlítið á 2001: A Space Odyssey. Einnig mær De Palma upp góðri spennu um borð í geimfarinu þegar loftsteinn nær að brjóta sér leið inn í það. Þar er unnið að lausn vandans eins og í góðri sakamálamynd. Þegar aftur á móti er komið að atburðunum á Mars hverfur eiginlega öll festa þótt vissulega sé myndin þá um leið mjög flott á að líta.

Miðað við að um geimóperu er að ræða fá góðir leikarar, með þá Gary Sinise og Tim Robbins í fararbroddi, óvenju mikinn texta sem þeir fara vel með þótt ekki sé hægt að segja að hann sé alltaf gáfulegur. Mission to Mars verður seint sett í hóp betri geimmynda en það er samt viss sjarmi yfir henni sem heldur manni við efnið.

Leikstjóri: Brian De Palma. Handrit: David S. Goyer, Ted Thomas, Graham Yost og John Thomas. Kvikmyndataka: Stephen H. Burum. Tónlist: Ennio Morricone. Aðalleikarar: Gary Sinise, Tim Robbins, Connie Nielsen og Jerry O'Connell.